



17. ALPJÓÐLEGA FORNSAGNAÞINGID
REYKJAVÍK OG REYKHOLTI
12.-17. ÁGÚST 2018
FORSAGNAÞING2018.HI.IS

Reykjavík, 26. júlí 2018

FJÓRÐA UMBURÐARBRÉF

Kæru vinir og kollegar,

Þetta er fjórða og síðasta umburðarbréfið vegna 17. alþjóðlega fornsagnaþingsins í Reykjavík og Reykholti, sem hefst eftir rúmar tvær vikur. Um 400 gestir hafa boðað komu sína á þingið. Við fögnum því að svo mörg ykkar hafa ákveðið að taka þátt í þinginu og vonum að þið eigið eftir að skemmta ykkur vel!

Í þessu umburðarbréfi förum við yfir helstu skipulagsatriði þingsins, en frekari upplýsingar, ásamt korti af háskólasvæðinu og Reykholti, er að finna á vefsíðu ráðstefnunnar, www.fornsagnathing2018.hi.is, sem verður uppfærð reglulega næstu vikur.

Skráning og upplýsingaborð; bókasýning

Skráning á þingið fer fram á neðstu hæð í Veröld–Húsi Vigdísar (VHV), Brynjólfsgötu 1, sunnudaginn 12. ágúst kl. 17.00–20.00 og mánudaginn 13. ágúst kl. 8.00–9.00.

Á meðan skráning stendur yfir sunnudaginn 12. ágúst verður óformleg móttaka í Veröld (á neðstu hæð og utandyra, ef veður leyfir). NECRON (Network of Early Career Researchers in Old Norse) verður einnig með móttöku kl. 17.30–19.30 þann dag í stofu VHV-007.

Í Veröld verður upplýsingaborð ráðstefnunnar; það verður opið þá daga sem þingið er í Reykjavík (mánudag, miðvikudag og föstudag). Hikið ekki við að gefa ykkur fram við upplýsingaborðið ef einhverjar spurningar vakna. Þinggestir sem koma seint til ráðstefnunnar (eftir að almennti skráningu lýkur) geta skráð sig við upplýsingaborðið.

Bókasýning verður á neðri hæð Háskólatorgs (HT) þá daga sem þingið er í Reykjavík.

Dagskrá

Dagskrá þingsins og útdrætti úr erindum má sjá á vefsíðunni <http://sagaconference2018.hi.is/dagskra/>. Á þinginu verða meðal annars þrjú hátíðarfyrrilestrar í Háskólabíói (á mánudegi, miðvikudegi og föstudegi), fimm sérstakar málstofur og veggspjaldakynning. Þinggestir frá prentaða gerð dagskrárinnar við skráningu. Þeir fá einnig aðgang að þráðlausu neti meðan á þinginu stendur og geta skoðað útdrætti á spjaldtölvum og í snjallsímum. Háskóli Íslands býður upp á **eduroam** aðgang í öllum byggingum sínum. Þau sem hafa **eduroam** aðgang í sínum heimaháskóla geta tengst þráðlausu neti Háskóla Íslands gegnum **eduroam**. Öðrum þinggestum verður séð fyrir ókeypis aðgangi að netinu. Upplýsingar um það verða í prentaðri dagskrá og á upplýsingaborðinu. Þau sem það vilja geta auk þess keypt útprint allra útdráttanna við skráningu.

Málstofur — umgjörð og aðstaða

Í Reykjavík fara allar málstofur (utan hátíðarfyrirlestra) fram í byggingum Háskóla Íslands, Veröld–Húsi Vigdísar, Háskólatorgi og (föstudaginn 17. ágúst) í Hátíðarsal Aðalbyggingar. Allar stofur eru búnar PC-tölvu, skjávarpa og tjaldi.

Í Reykholti verða málstofur í báðum kirkjunum á staðnum, í Snorrastofu og skólahúsinu. Þar verða tölvur, skjávarpar og tjöld. Því miður eru tvö af þessum rýmum án aðgengis fyrir hreyfihamlaða og biðjumst við velvirðingar á því.

Fyrirlesarar eru beðnir að koma með glærur og annað fylgiefni á minniskubbi og afrita á tölvurnar í stofunum. Gangið úr skugga um að glærurnar virki á PC-tölvu (og kannski öruggast að vera með glærurnar á pdf). Í hverri stofu verður aðstoðarmanneskja fyrirlesurum og málstofustjórum til halds og trausts. Við hvetjum fyrirlesara til þess að setja sig tímanlega í samband við aðstoðarmanneskjuna (t.d. í hléi næst á undan viðkomandi málstofu) svo málstofur geti gengið snurðulaust fyrir sig. Fyrirlesarar hafa 20 mínútur til umræða; síðan er gert ráð fyrir umræðum og fyrirspurnum í 10 mínútur og loks gefast 5 mínútur þeim sem vilja færa sig milli málstofa.

Þeir fyrirlesarar sem ætla að dreifa úthendu eru beðnir að taka með sér nægilega mörg eintök, eða senda okkur úthenduna sem pdf-skjal í síðasta lagi 10. ágúst svo við getum prentað hana út.

Veggspjöld

Þinggestir bera sjálfir ábyrgð á að prenta út veggspjöld sín og koma þeim til Reykjavíkur. Veggspjöldin verður hægt að festa upp meðan á skráningu stendur sunnudaginn 12. ágúst (17.00–20.00) og mánudaginn 13. ágúst (8.00–9.00). Aðstoðarmanneskja verður á staðnum.

Reykholtsdagur

Þriðjudaginn 14. ágúst verða allar málstofur í Reykholti í Borgarfirði. Þinggestir munu ferðast í Reykholt í rútum sem leggja af stað frá Aðalbyggingu Háskóla Íslands kl. 8.30 stundvíslega.

Skoðunarferðir

Upplýsingar um skoðunarferðir má finna á vefsíðum þingsins. Veðrið á Íslandi er afar breytilegt svo nauðsynlegt er að hafa með sér hlý föt og vatnshelda yfirhöfn. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir þau sem ætla í ferð í Dalina, því hún endar á bátsferð. Þau sem ætla að ganga Leggjarbrjót til Þingvalla þurfa einnig að búa sig vel og taka með sér gönguskó.

Móttökur og lokahóf

Mánudaginn 13. ágúst verður þinggestum boðið í móttökur víðs vegar um borgina. Þeim munu annaðhvort berast boðsbref í tölvupósti ellegar þeir fá boðskort með ráðstefnugögnum.

Miðvikudaginn 15. ágúst er öllum þinggestum boðið til móttöku á vegum Alþingis í Listasafni Íslands, Fríkirkjuvegi (við Tjörnina).

Lokahóf þingsins verður haldið að Hótel Sögu föstudagskvöldið 17. ágúst. Það hefst með fordrykk kl. 19.30 og lýkur með dansi. Þeim þinggestum, sem ekki sitja lokahófið, er velkomið að slást í hópinn þegar dansinn hefst um kl. 22.00.

Að lokum ...

Við vonum að þið finnið allar þær upplýsingar sem ykkur vantar á vefsíðu þingsins, en sé einhverjum spurningum ósvarað hvetjum við ykkur til þess að senda okkur línu:

Ef málið varðar skoðunarferðir, erindi, veggspjöld eða annað sem tengist dagskrá þingsins, vinsamlegast sendið póst á **fornsagnathing2018@hi.is**.

Ef málið varðar skráningu ykkar eða gistingu, vinsamlegast sendið póst til Helgu Gunnar eða Ingibjargar hjá ráðstefnuþjónustunni CP Reykjavík: **helga@cpreykjavik.is**, **imma@cpreykjavik.is**.

Eins og þið hafið ef til vill heyrt, hefur sumarið verið afspyrnu svalt og úrkomusamt það sem af er hér á suðvesturhorni landsins. Okkur hefur dottið í hug að það sé vegna þess að veðurguðirnir séu að spara góða veðrið þar til fornsagnaþingið hefst! Þið ættuð engu að síður að fylgjast með veðurspám – til dæmis á ágætum vef frænda okkar í Noregi, yr.no.

Þingið er með síðu á Facebook (<https://www.facebook.com/sagaconference2018/>) og þau sem tista á Twitter gætu viljað vita að myllumerki 17. alþjóðlega fornsagnaþingsins er **#sagaconf2018**

Góða ferð – við hlökkum til að sjá ykkur!

Fyrir hönd undirbúningshópsins

SVANHILDUR ÓSKARSDÓTTIR

Í undirbúningshópi sitja:

AÐALHEIÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR
ÁRMANN JAKOBSSON
BERGUR ÞORGEIRSSON
GÍSLI SIGURÐSSON
GUÐRÚN NORDAL
GUÐVARÐUR MÁR GUNNLAUGSSON
TERRY GUNNELL
HARALDUR BERNHARÐSSON

JÓHANNA KATRÍN FRÍÐRIKSDÓTTIR
EMILY LETHBRIDGE
MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR
SIF RÍKHARÐSDÓTTIR
SVANHILDUR ÓSKARSDÓTTIR
TORFI TULINIUS
VIÐAR PÁLSSON
ÞÓRDÍS EDDA JÓHANNESDÓTTIR
ÞÓRÐUR INGI GUÐJÓNSSON